

## 14. gr.

34

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugjörðum renna í hafnarsjóð.

## 15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Ísafjarðarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*

## L ö g

35

19. júní

um

breytingu á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50

**35** aura. af hverjum 100 kg. af fódurmjöli og fódurkökum 1 kr. og af hverjum 100 kg. 19. júní. af áburðarefnum 25 aura.

2. gr.

2 síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Jónsson.*

**36**  
19. júní

## L ö g

um

breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í þeim skólahjeruðum, utan kaupstaða, þar sem eru heimangönguskólar eða settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugjörð þeirra og hollustuhættir samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjersins á skólaskyldu-aldri njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að ákveða í reglugjörð skólans, að þessi skólaskylda skuli einungis ná til 12—14 ára barna, enda sje þá yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu á annan hátt,